

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Sjóð til verndar andlegu frelsi íslenzkra rithöfunda“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. janúar 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð til verndar andlegu frelsi íslenzkra rithöfunda.

### 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 23. marz 1940 af Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, í tilefni af úthlutun Menntamálaráðs á styrktarfé til rithöfunda, skálda og annarra listamanna árið 1940.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1800.00.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda andlegt frelsi íslenzkra rithöfunda.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan ávaxta hann í sem tryggustum ríkisskuldabréfum. Allir vextir skulu lagðir við höfuðstólinn, unz hann er orðinn, ásamt gjöfum, er honum kunna að áskotnast, fullar kr. 50000.00. Eftir það leggst  $\frac{1}{4}$  vaxtanna við höfuðstólinn, en að öðru leyti skal þeim varið til styrkveitinga samkvæmt 4. gr., þegar um slíka styrkþega er að ræða, sem þar greinir.

### 4. gr.

Styrkja úr sjóðnum skulu njóta íslenzkir, starfandi rithöfundar, sem fengið hafa opinberan rithöfundastyrk, en síðan verið sviptir honum að meira eða minna leyti, að því er ætla má beinlínis eða óbeinlínis vegna skoðana sinna. Nú er um fleiri styrkþega en einn að ræða á sama ári, og skal þá skipta á milli þeirra úthlutaðri styrkuppþæð í réttu hlutfalli við þann styrk, sem þeir, hvor um sig, hafa verið sviptir. Aldrei má styrkveiting úr sjóðnum til rithöfundar nema meiru á ári en þeim styrk, er hann hefur verið sviptur.

Ef styrk er ekki úthlutað eitt ár eða fleiri eða  $\frac{3}{4}$  vaxtanna ekki að fullu, er heimilt að draga þann hluta vaxtanna saman til úthlutunar síðar.

Nú hefur um engan styrkþega verið að ræða í 10 ár samfleytt og má þá verja því fé, sem beðið hefur úthlutunar, til viðurkenningar einum eða fleiri íslenzkum rithöfundum, sem í ritum sínum þykja sérstaklega hafa talað máli andlegs frelsis.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins og úthlutun styrkja úr honum skulu annast 3 menn: Hinn fyrsti þeirra skal vera kennarinn í íslenzkri bókmenntasögu við Háskóla Íslands, annar tilnefndur af rithöfundadeild Bandalags íslenzkra listamanna, eða, ef það verður lagt niður, öðru félagi íslenzkra rithöfunda, er til þeirrar stofnunar telst svara, og hinn þriðji tilnefndur af hinum tveimur með sérstöku tilliti til þess, að hann sé kunnur að því að unna og halda í heiðri andlegu frelsi. Nú verður ekki samkomulag um þriðja mann, og skal þá skorið úr með hlutkesti.

### 6. gr.

Að öðru leyti skal sjóðurinn hlíta þeim almennu fyrirmælum, sem á hverjum tíma kunna að gilda og miða til tryggingar sem öruggastri varðveizlu opinberra sjóða og því, að þeir starfi samkv. skipulagsskrám sínum og sem næst vilja stofnendanna.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.